



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/881
komudagur 28.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 14. jan. s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu vikum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fara á eftir þær ályktanir sem stjórnin gerði og sendast þær hér með.

31. mál.

Tillaga til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Stjórn F.V. varar við einhliða friðun án undangenginna rannsókna. Stjórn F.V. telur að fyrst þurfi að fara fram rannsóknir og niðurstöður þeirra skuli liggja til grundvallar hugsanlegri friðun svæða á hafsbotni. Stjórn F.V. getur því ekki mælt með tillögunni eins og hún liggur fyrir.

Stjórn F.V. hvetur hins vegar til þess að rannsóknir á lífríki hafsins séu elfdar svo sem kostur er.

24. mál.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla.

Stjórn F.V. mælir með tillögunni. Jafnframt bendir stjórnin á þau tilmæli í

Byggðaaætlun Vestfjarða að séu settar á fót nýjar stofnanir á vegum hins opinbera skuli þeim fundinn staður á landsbyggðinni.

Með stofnun háskólaáseturs á Ísafirði væri hægt að fá því verkefni á borð við það sem tillagan gerir ráð fyrir.

X 35. mál.

Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.

Stjórn F.v. mælir með tillögunni og telur að fyllsta ástæða sé til að styðja við aukið forvarnarstarf.

91. mál

Frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Stjórn F.V. tekur ekki afstöðu til frumvarpsins en telur þörf á samræmingu reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þar sem þær reglur eru afar mismunandi milli sveitarfélaga.

45.mál.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Stjórn F.V. tekur undir að samræma þarf byggðaaðgerðir og vinna að þeim eftir fyrirframgerðum áætlunum. Stjórnin minnir á vestfirska byggðaaætlun og nauðsyn markvissra aðgerða.

30.mál.

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnrlögum.

Stjórn F.V. telur ekki tímabært að setja reglur um lágmarksfjölda íbúa meðan nefnd er að störfum á vettvangi Sambands sveitarfélaga sem vinnur að tillögum um stækkun sveitarfélaga .

Mál 307.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum.

Stjórn F.V. telur að heildarsamræmingu þurfi á réttindum og skyldum allra starfsmanna bæði í opinberri þjónustu og einkarekstri. Á þessu stigi sé því ekki rétt að taka eitt atriði út úr lögunum.

Mál 306.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Stjórn F.V telur eðlilegt að samræmi sé milli fyrirtækja í greiðslu fasteignaskatta

Stjórn F.V. telur það horfa til bóta að orkufyrirtækin greiði fasteignaskatt af húseignum eins og önnur fyrirtæki.

Mál 305.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.


Stjórn F.V. styður afgreiðslu frumvarpsins þar sem hér er um að ræða hækkun á stofnstyrkjum til að koma á fót hitaveitu til húshitunar.

Þannig bókað á fundi í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 14. janúar 2003.

Virðingarfyllt.

Ísafirði 15. janúar 2003.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson.